



BARNAVERNDARSTOFA

Reykjavík, 8. nóvember 2018

Tilvísun : 2018010037/33

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingar á lögum um útlendinga og lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 221. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 25. október sl., þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um útlendinga og lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 221. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Í a. lið 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 17. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016. Ákvæði 17. gr. útl. fjalla um vinnslu persónuupplýsinga. Í 1. mgr. er kveðið á um heimild Útlendingastofnunar, kærunefnar útlendingamála, Þjóðskrár Íslands og lögreglu til vinnslu persónuupplýsinga útlendinga að fullnægðum heimildarákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem og að því marki sem mælt sé fyrir um heimildir til slíkrar vinnslu í lögum um útlendinga. Í umræddu frumvarpi er lögð til sú breyting á 1. mgr. 17. gr. útl. að bæta við barnaverndaryfirvöldum í framangreinda upptalningu stofnana sem heimild hafa til þess að miðla upplýsingum um útlendinga sín á milli.

Barnaverndarstofa er sammála því grundvallarmarkmiði sem stefnt er að með umræddu ákvæði í frumvarpinu. Það er hins vegar afstaða Barnaverndarstofu að varlega þurfi að fara í að veita lögbunda heimild til þess að miðla áfram þeim upplýsingum sem barnaverndarnefndir hafa aflað án þess að fjalla sérstaklega um hvaða takmörkun slík miðlun sæti eða í hvaða tilgangi upplýsingasöfnunin er. Ennfremur bendir Barnaverndarstofa á að ekki sé ljóst af 1. mgr. 17. gr. útlendingalaga hvort um sé að ræða heimild barnaverndarnefnda til þess að miðla ákveðnum upplýsingum til þeirrar stofnunar sem þess óskar eða hvort barnaverndarnefnd beri að miðla áfram upplýsingum sé þess óskað og þá nákvæmlega hvaða upplýsingum.

Í þessu sambandi bendir Barnaverndarstofa til samanburðar á að í barnaverndarlögum, nr. 80/2002, er fjallað um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd í 44. gr. laganna. Þar er að finna víðtækt ákvæði sem skyldar fjölda starfsétta og stofnanir til þess að veita barnaverndarnefndum viðkvæmar upplýsingar sem almennt ríkir trúnaður um. Sjá umrætt ákvæði barnaverndarlaga í heild sinni:

■ **44. gr. *Upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarnefnd.***

□ Öllum heilbrigðis- og sjúkrastofnunum, þar með töldum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, sérfræðingum sem veita félagslega þjónustu, geðdeildum, meðferðardeildum og meðferðarstofnunum



fyrir áfengissjúklinga og fíkniefnaneytendur, og stofnunum sem veita félagslega þjónustu eða aðstoð, er skylt eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um könnun máls að láta nefndinni endurgjaldslaust í té [upplýsingar og afrit af nauðsynlegum gögnum um heilsu barns, foreldra þess og annarra heimilismanna],¹⁾ þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfur, auk annarra upplýsinga sem nefndin telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.

Með sama hætti er öllum stofnunum og öðrum aðilum þar sem barn hefur dvalist eða kemur reglulega, svo sem skólum, dagvistarheimilum og félagsmiðstöðvum fyrir börn og unglinga, skylt að láta nefndinni í té upplýsingar sem hún telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.

Þá skulu lögregla og sakaskrá ríkisins með sama hætti láta nefndinni í té [upplýsingar og afrit nauðsynlegra gagna sem þessar stofnanir búa yfir um barn, foreldra þess og aðra heimilismenn sem varðað geta málið].²⁾

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skal veita svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 14 dögum eftir að beiðni barst.

Upplýsingaskylda samkvæmt þessari grein gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu einstakra starfsstétta.

Í greingerð um frumvarpi því sem varð að barnaverndarlögum er sérstaklega fjallað um að mikilvægi þess að upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarnefnd sé skýr varðandi hvaða aðilum beri að afhenda upplýsingar til barnaverndarnefnda auk þess að skýrt sé hvaða upplýsingar sé um að ræða. Til þess að varpa betur ljósi á hversu víðtækar og viðkvæmar upplýsingar umræðir má benda sérstaklega á að í 1. mgr. 44. gr. er t.a.m. með beinum hætti kveðið á um að heilbrigðistofnanir og sérfræðingar skuli afhenda upplýsingar til barnaverndarnefnda varðandi ástand og batahorfur foreldra barns. Í 3. mgr. sama ákvæðis er sérstaklega fjallað um að lögregla og sakaskrá ríkisins skuli með sama hætti láta barnaverndarnefnd í té upplýsingar um foreldra og aðra heimilismenn sem varðað geta mál barnsins.

Með hliðsjón af framangreindu er telur Barnaverndarstofa að frumvarpið eins og það er í dag hafi í för með sér of opna og víðtæka heimild til miðlunar persónuupplýsinga. Þegar litið er til eðlis þeirra viðkvæmu persónuupplýsinga sem liggja hjá barnaverndarnefnd sé nauðsynlegt að löggjafinn takmarki umrædda heimild við upplýsingar sem talið er að geti skipt máli við afgreiðslu máls hjá Útlendingastofnun og heimild til miðlunar upplýsinga frá barnaverndarnefndum til Útlendingastofnunar og að Útlendingastofnun þurfi jafnframt að skilgreina það hverju sinni hvaða upplýsingar séu nauðsynlegar vegna afgreiðslu málsins þar þegar óskað er eftir gögnum frá barnaverndarnefndum.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Guðrún Þórleifsdóttir
lögfræðingur

Umsögn varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi (ýmsar breytingar).

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 28. gr. laganna:

a. Orðin „í tvígang“ í 1. málsl. falla brott. :

“Sinni umsækjandi ekki boði Útlendingastofnunar í tvígang um að mæta í viðtal samkvæmt þessari grein er stofnuninni heimilt að ákvarða í máli hans án frekari aðgerða. Forsenda þess að beita megi þessu úrræði er að við síðari boðun hafi Útlendingastofnun gert umsækjanda fullnægjandi grein fyrir afleiðingum fjarveru sinnar og að fjarvera hans hafi ekki átt sér réttmætar ástæður. Boðun síðara viðtals, ef til þess kemur, skal gerð með sannanlegum hætti. “

c. Lokamálsliður orðast svo: Boðað skal til viðtals með sannanlegum hætti.

Athugasemdir:

- Sú tillaga að taka orðin „í tvígang“ stefnir réttaröryggi útlendinga í mikla hættu. Það veldur því að einstaklingi sem misferst að fá skilaboð, skilur ekki skilaboðin, gleymir sér í eitt skipti eða eitthvað kemur í veg fyrir að viðkomandi komist í viðtalið á síðustu stundu, missir mjög mikil réttindi.

- Önnur ástæða þess að orðin „í tvígang“ ætti ekki að fjarlægja er að stjórnvöld ættu almennt að bera áhættuna af því ef tilkynning um ákvörðun misferst nema aðili hafi sýnt af sér sök. Sé þessu breytt er mikil sönnunarbyrði sem getur verið útlendingi í óhag.

- Það þarf vissulega að stytta málsmeðferðartíma, enda er langur málsmeðferðartími andleg pynting fyrir fólk í jafn viðkvæmri stöðu og hælisleitendur. Þá má þó alls ekki gera með því að minnka réttaröryggi fólks, sérstaklega ef það er í mun lakari stöðu en stjórnvaldið eins og útlendingar í hælisleit eru vissulega: T.d. tala þau ekki tungumálið, vita ekki hvernig skrifræði hér virkar o.s.fr.

- Því má bæta við að skv. 1. mgr. 2. gr. laga um útlendinga er tilgangur og markmið laganna:

- að kveða á um réttarstöðu og tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins eða fara frá því, sækja um dvalarleyfi eða dveljast hér á landi samkvæmt lögum.

- að tryggja mannúðlega og skilvirka meðferð stjórnvalda í málefnum útlendinga hér á landi.

Annað sem þarf að skýra varðandi 28. gr laga um útlendinga:

Lögin:

28. gr. Viðtal við umsækjanda um alþjóðlega vernd.

1. mgr. Starfsmaður Útlendingastofnunar tekur viðtal við umsækjanda um alþjóðlega vernd að viðstöddum talsmanni, sbr. 30. gr., eins fljótt og unnt er eftir skráningu umsóknar. Skal talsmanni gefinn kostur á því að ræða við umsækjanda og leiðbeina honum um viðtalið áður en það fer fram.

2. mgr. Viðtali skal hagað þannig að sem mestar líkur séu á að aðstæður sem geta haft þýðingu fyrir umsókn umsækjanda upplýsist. Í slíku viðtali skal Útlendingastofnun gæta að því hvort taka þurfi sérstakt tillit til umsækjanda vegna persónulegra aðstæðna hans. Túlkur skal vera viðstaddur viðtal nema umsækjandi afþakki sérstaklega slíka þjónustu.

3. mgr. Við upphaf viðtals þarf að upplýsa umsækjanda um að þær upplýsingar sem hann lætur í té verði lagðar til grundvallar við ákvörðun um umsókn hans. Spyrja þarf umsækjanda hvort hann samþykki að stjórnvöld hér á landi afli upplýsinga um hann

frá stjórnvöldum í heimaríki hans eða öðrum stjórnvöldum erlendis. Þetta skal gert ef talin er þörf á því við afgreiðslu málsins með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. 15. gr. 4. mgr. Sinni umsækjandi ekki boði Útlendingastofnunar í tvígang um að mæta í viðtal samkvæmt þessari grein er stofnuninni heimilt að ákvarða í máli hans án frekari aðgerða. Forsenda þess að beita megi þessu úrræði er að við síðari boðun hafi Útlendingastofnun gert umsækjanda fullnægjandi grein fyrir afleiðingum fjarveru sinnar og að fjarvera hans hafi ekki átt sér réttmætar ástæður. Boðun síðara viðtals, ef til þess kemur, skal gerð með sannanlegum hætti.

Athugasemdir og spurningar:

- hvernig á að gera umsækjanda fullnægjandi grein fyrir afleiðingum fjarveru sinnar? í sömu tilkynningu og þegar hann fær að vita hvenær hann á að koma í viðtal?
- ef eitthvað kemur upp á og viðkomandi sér fram á að geta ekki mætt, getur hann beðið um nýjan tíma fyrir fund?
- ef fjarvera hefur átt sér réttmætar ástæður þá á ekki að ákvarða í máli án frekari aðgerða.
- hvernig á þetta að fara fram?

Reykjavík, 08.10.18
-Elínborg Harpa Önundardóttir
-Rán Þórisdóttir

Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2018

Efni: Umsögn formanns og varaformanns kæruneftndar útlendingamála við frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi (ýmsar breytingar), þingskjal nr. 233, 221. mál.

Við þökkum allsherjar- og menntamálanefnd fyrir að gefa okkur tækifæri til að veita umsögn um þetta frumvarp. Umsögn okkar varðar 1., 2., 4., 5. og 8. gr. frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi breyting mun leiða til aukinnar skilvirkni við afgreiðslu einfaldari mála hjá kæruneftndinni án þess að dregið sé úr gæðum málsmeðferðarinnar.

Í lögum um útlendinga er þegar til staðar heimild formanns og varaformanns til að taka einir ákvarðanir í tilteknum einföldum málum. Sú heimild var sett inn í lögina í fyrst í maí 2014 og síðar víkkuð út í maí 2016. Tilgangur hennar var að auka skilvirkni nefndarinnar. Tillagan sem fram kemur í 1. gr. frumvarpsins snýr að því að víkka lítillega út þá heimild í ljósi reynslu kæruneftndarinnar, breyttrar samsetningar mála og til að lagfæra mistök sem urðu við setningu laga um útlendinga nr. 80/2016.

Eins og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu fer rannsókn máls fram með sama hætti hjá kæruneftndinni hvort sem mál eru afgreidd af formanni eða varaformanni einum eða af þriggja manna nefnd. Ekki er því ástæða til að ætla að rannsókn og málsmeðferð verði síðri með þessari breytingu. Þá má þess geta að formaður og varaformaður þurfa samkvæmt lögum að uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara.

Þessi breyting yrði í samræmi við framkvæmd t.d. hjá systurstofnun kæruneftndarinnar í Noregi þar sem formaður afgreiðir mun herra hlutfall mála en tíðkast hér á landi.

Rétt er að benda á að þessi heimild formanns og varaformanns til að taka ákvörðun um umsóknir um alþjóðlega vernd á eingöngu við um umsóknir einstaklinga frá öruggum upprunaríkjum sem Útlendingastofnun hefur afgreitt sem forgangsmál. Umsóknir annarra eru ávallt afgreiddar af þriggja manna nefnd. Þá verða umsóknir um alþjóðlega vernd frá einstaklingum frá öruggum ríkjum ávallt afgreiddar af þriggja manna nefnd ef vafi er á hvort umsækjandi eigi rétt á alþjóðlegri vernd.

Um 2. gr.

Rétt er að benda á að í 2. gr. frumvarpsins er eingöngu vísað til málsmeðferðar hjá Útlendingastofnun. Mat á hagsmunum barns á grundvelli laga um útlendinga fer jafnframt fram við meðferð mála hjá kærunefnd útlendingamála og hjá lögreglu við framkvæmd ákvarðana. Ef til vill kann því að vera rétt að gera breytingar á ákvæðinu þar sem skýrt er að heimild til samkeyrslu og miðlunar upplýsinga eigi jafnframt við um þessi stjórnvöld.

Innan kærunefndar útlendingamála hafa verið vangaveltur um hvort ákvæði 2. mgr. 17 gildandi laga sé nægilega skýrt um heimildir til að miðla upplýsingum milli þeirra stjórnvalda sem þar eru talin upp. Í ljósi fyrirbyggjandi tillagna kann að vera tilefni til að ákvæðinu yrði jafnframt breytt á þann veg að öllum stofnunum sem taldar eru upp í ákvæðinu yrði með skýrum hætti gert heimilt að miðla á milli sín viðkvæmum persónuupplýsingum til að tryggja að dvöl útlendinga hér á landi sé lögleg.

Þá er vakin athygli á því að á undanförunum vikum og mánuðum hafa komið upp í starfi nefndarinnar mál þar sem lagaheimild til samkeyrslu og miðlunar upplýsinga við yfirvöld fangelsismála hefðu getað haft þýðingu og auðveldað úrlausn mála hjá nefndinni.

Um 4. gr.

Vegna athugasemda við 4. gr. í frumvarpinu er rétt að taka fram að engin óvissa hefur verið í framkvæmd kærunefndar útlendingamála um heimildir þeirra einstaklinga sem falla undir a- og b-lið 1. mgr. 51. gr. gildandi laga um útlendinga til að fá efnislega skoðun á umsókn um dvalarleyfi þrátt fyrir að vera staddir hér á landi. Nefndin hefur talið ákvæðið skýrt um að þessi heimild eigi við óháð því hvort umsækjendur hafi komið hingað til lands á grundvelli vegabréfsáritunar/áritunarfrelsis eða með öðrum hætti. Ef ákvæðið verður að lögum verða því nokkrar breytingar á möguleikum ákveðinna hópa einstaklinga til að dvelja hér á landi á meðan umsókn um dvalarleyfi er til meðferðar. Á þetta einkum við um einstaklinga sem vegna upprunaríkis eiga erfitt með að fá útgefna vegabréfsáritun á Schengen-svæðið. Þá liggur fyrir að verði ákvæðið að lögum mun það breyta stöðu einstaklinga sem dvelja hér á landi á meðan umsókn þeirra um alþjóðlega vernd er til meðferðar og ganga hér í hjúskap og hafa aldrei haft heimild til dvalar á grundvelli vegabréfsáritunar eða áritunarfrelsis.

Um 5. gr.

Þær lagfæringar sem lagðar eru til á 74. gr. laga um útlendinga eru nauðsynlegar til að færa textann nær þeirri hugmynd sem býr að baki ákvæðinu. Þá er frumvarpstextinn í samræmi við þá túlkun sem stjórnvöld hafa gripið til á meðan texti ákvæðisins situr ókláraður í lögnum.

Þrjár aðrar lagfæringar kunna að vera nauðsynlegar til að ákvæðið nái markmiði sínu að fullu.

Í fyrsta lagi er rétt að vekja athygli á því að texti eldri laga um að sérstakt tillit skuli taka til þess ef umsækjandi er barn féll út við smíði 74. gr. laga um útlendinga. Þrátt fyrir að þessi meginregla komi fram annars staðar í lögnum, t.d. í 2. mgr. 10. gr., 3. mgr. 25. gr. og 5. mgr. 37. gr. laganna, má færa fyrir því rök að hagsmunir barna kynnu að vera betur tryggðir ef þetta kæmi skýrt fram í 74. gr. laganna. Þó er rétt að taka fram að kærunefndin hefur litið svo á, m.a. með vísan til athugasemda með frumvarpi til heildarlaga um útlendinga og annarra ákvæða laganna, að meginreglan um að hagsmunir barna væru hafðir að leiðarljósi eigi við um mat á því hvort veita ætti dvalarleyfi á grundvelli 74. gr. laga um útlendinga.

Í öðru lagi má benda á að ákvæðið mælir ekki fyrir um stöðu nánustu fjölskyldumeðlima þeirra sem fá dvalarleyfi samkvæmt 74. gr. Ólíkt 2. mgr. 45. gr. laganna, sem heimilar veitingu alþjóðlegrar verndar til nánustu fjölskyldumeðlima (maka og barna undir 18 ára aldri) þeirra sem fá slíka vernd, er ekkert sambærileg fyrirséð til handa nánustu fjölskyldumeðlimum þeirra sem fá dvalarleyfi skv. 74. gr. Í sumum tilvikum uppfyllir aðeins einn fjölskyldumeðlimur skilyrði ákvæðisins til dvalarleyfis og þá er ákveðin óvissa um stöðu annarra nánustu fjölskyldumeðlima. Kærunefndin hefur í slíkum tilvikum vísað til meginreglunar um einingu fjölskyldunnar en hjá því verður ekki litið að þessi meginregla á sér veika lagastoð. Ákvæði sem tæki skýra afstöðu til réttindi nánustu fjölskyldumeðlima þeirra sem fá dvalarleyfi skv. 74. gr. myndi auka fyrirsjáanleika og réttaröryggi þessara einstaklinga.

Í þriðja lagi má vekja athygli á því að mistök kunna að hafa verið gerð í undanþáguákvæði 4. mgr. 74. gr. Ákvæðið á við þegar verið er að meta hvort umsækjandi um alþjóðlega vernd sem ekki hefur fengið endanlega niðurstöðu í máli sínu innan 18 mánaða eigi rétt á dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða, sbr. 2. mgr. 74. gr. Skilyrði dvalarleyfisins eru rakin í 2. mgr. 74. gr. en í 3. mgr. greinarinnar eru rakin tilvik þar sem ekki er heimilt að veita slíkt leyfi. Undanþáguákvæðið í 4. mgr. vísar eingöngu til 3. mgr. en engin heimild er til að veita undanþágu frá skilyrðum 2. mgr. 74. gr. Þetta er í ósamræmi við eldra ákvæði sama efnis (4. mgr. 12. gr. f laga um útlendinga nr. 96/2002, sbr. 1. og 2. mgr. 12. gr. g sömu laga) og ákvæði 77. gr. laganna sem inniheldur heimild til sambærilegra undanþága í tengslum við bráðabirgðadvalarleyfi. Kærunefndin hefur fjallað um þessa undanþáguheimild 4. mgr. 74. gr. í úrskurði. Þar kom fram að færa mætti fyrir því rök að um mistök hefði verið að ræða við lagasetningu en í ljósi skýrra ákvæða greinarinnar væri ekki heimild til að veita undanþágu frá skilyrðum 2. mgr. 74. gr. laga um útlendinga. Ekki var því unnt að beita undanþágunni. Rétt kann að vera að skoða hvort að hér hafi í raun orðið mistök við lagasetningu og, ef svo hafi verið, hvort rétt sé að lagfæra ákvæðið.

Um 8. gr.

Rétt er að benda á að frávísun er þáttur í öllum ákvörðunum Útlendingastofnunar og kærunefndar útlendingamála þar sem umsókn um alþjóðlega vernd er synjað nema þegar felldur er niður frestur til að yfirgefa landið, t.d. þegar umsókn hefur verið metin bersýnilega tilhæfulaus, og tekin er ákvörðun um brottvísun samhliða synjun á umsókn um alþjóðlega vernd. Þessar ákvarðanir um frávísun eru langofkast teknar með vísan til c-liðar 1. mgr. 106. gr. laga um útlendinga, sbr. 2. og 5. mgr. 106. gr. laganna. Frávísunarpáttur ákvarðananna er grundvöllur fyrir því að unnt sé að framkvæma flutning einstaklinga, sem hafa fengið synjun umsóknar sinnar um alþjóðlega vernd, úr landi.

Af athugasemdum við 8. gr. frumvarpsins má ráða að ekki sé ætlunin að breyta framangreindu fyrirkomulagi heldur eingöngu veita lögreglustjóra heimild til að taka ákvörðun um frávísun við komu til landsins, sbr. til hliðsjónar 18. gr. eldri laga um útlendinga nr. 96/2002, en að Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála hafi áfram heimild til að taka ákvörðun um frávísun eftir komu til landsins, sbr. til hliðsjónar 19. gr. eldri laga um útlendinga nr. 96/2002. Í því sambandi er sérstaklega bent á að í 22. gr. eldri laga um útlendinga nr. 96/2002, sem vísað er til í athugasemdunum, er eingöngu vísað til 18. gr. laganna en ekki 19. gr. þeirra.

Mikilvægt er að ekki ríki réttaróvissa um valdbærni stjórnvalda sem taka ákvarðanir sem geta verið grundvöllur þvingaðra flutninga einstaklinga úr landi. Lagt er til að greininni verði breytt á þann veg að á eftir orðinu „frávísun“ í 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins komi: við komu til landsins, og að á eftir

„Útlendingastofnun tekur“ í 2. másl. 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins komi: um frávisun eftir komu til landsins og.

Þá kann að vera tilefni til að skýra betur hvað er átt við með undirbúning lögreglu í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins í ljósi framangreindra athugasemda.



Hjörtur Bragi Sverrisson

formaður kærunefndar útlendingamála



Anna Tryggvadóttir

varaformaður kærunefndar útlendingamála

Nefndasvið Alþingis,
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8 - 10
101 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 12. nóvember 2018
Tilvísun: 2018111559PHH/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 221. mál

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 25. október sl. um umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2016 um útlendinga og lögum nr. 16/2000 um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi (þskj. 233, 221. mál á 149. löggjafarþingi). Þau ákvæði frumvarpsins, sem einkum varða breytingar á vinnslu persónuupplýsinga, eru 2., 8. og 11. gr. þess. Gerir Persónuvernd eftirfarandi athugasemdir við þessi ákvæði:

1.

Um 2. gr. frumvarpsins

Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 17. gr. laga nr. 80/2016, á þann veg að barnaverndaryfirvöld verði á meðal þeirra stjórnvalda sem vinna með persónuupplýsingar vegna framkvæmdar laga um útlendinga, auk þess sem hlutaðeigandi stjórnvöldum verði heimilt að samkeyra persónuupplýsingar til að tryggja hagsmuni barna við málsmeðferð hjá Útlendingastofnun. Í athugasemdum við greinina í greinargerð með frumvarpinu er þetta rökstutt með því að með hagsmuni barna að leiðarljósi þurfi umræddum stjórnvöldum að vera kunnugt um hagi barns sem óskað hefur eftir dvalarleyfi eða alþjóðlegri vernd hér á landi. Sé því lagt til að barnaverndaryfirvöldum verði bætt við þær stofnanir sem heimilt sé að miðla á milli sín viðkvæmum persónuupplýsingum á grundvelli ákvæðisins. Persónuvernd telur ljóst að viðhafa geti þurft vinnslu persónuupplýsinga til að tryggja að hagsmunir barna njóti verndar við meðferð mála á grundvelli umræddra laga. Gerir Persónuvernd því ekki athugasemdir við umrætt frumvarpsákvæði.

2.

Um 8. gr. frumvarpsins

Í 8. gr. frumvarpsins er lögð til ný 106. gr. a. laga nr. 80/2016. Er lagt til að í 2. mgr. hinnar nýju greinar komi fram heimild til miðlunar upplýsinga frá lögreglu til Útlendingastofnunar í þeim tilfellum þar sem lögregla telur skilyrði vera til að vísa útlendingi frá eða úr landi. Samhljóða ákvæði var í eldri lögum og er efni ákvæðisins því til samræmis við eldri framkvæmd. Gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við umrætt frumvarpsákvæði.

3.

Um 11. gr. frumvarpsins

Í 11. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á 10. gr. laga nr. 16/2000 að tollgæslan verði meðal þeirra stjórnvalda sem hafi beinlínuaðgang að Schengen-upplýsingakerfinu, en fram að þessu hefur hún aðeins haft aðgang að kerfinu eftir beiðni, sbr. a-lið 11. gr. laganna. Nánar tiltekið kemur fram í frumvarpsákvæðinu að beinlínuaðgangur yrði veittur vegna eftirlits á landamærum og þess hlutverks tollgæslunnar að annast eða aðstoða við löggæslu. Í ljósi tilgangs Schengen-upplýsingakerfisins, eins og hann er skilgreindur í meðal annars 1. mgr. 4. gr. laga nr. 16/2000 og 93. gr. samnings frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagins frá 14. júní 1985, gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við umrætt frumvarpsákvæði. Áréttar Persónuvernd í því samhengi mikilvægi þess að aðgangsstýringum sé beitt á þann hátt að einungis þeir starfsmenn tollgæslunnar sem sannarlega fara með umrædd verkefni fái umræddan aðgang.

F.h. Persónuverndar,


Þórður Sveinsson



Páll Heiðar Halldórsson

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2018

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lög um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi (ýmsar breytingar) 149. löggjafarþing 2018-2019 Þingskjal 233 – 221. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
Framkvæmdastjóri.



Hluti af Alheimshreyfingu
Rauða krossins

Icelandic Red Cross
Cruz Roja Islandesa
Croix-Rouge Islandaise

Efstaleiti 9
103 Reykjavík
Íceland

Sími/Tel: (354) 570 4000
Fax: (354) 570 4010

E-Mail: central@redcross.is
Website: www.redcross.is

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lög um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi (ýmsar breytingar).

149. löggjafarþing 2018-2019.

Þingskjal 233 — 221. mál.

Rauði krossinn á Íslandi (RKÍ) stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Er umsögn RKÍ mótuð af mikilli og langri reynslu sem félagið hefur af málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttamanna. Við yfirferð frumvarpsins hefur RKÍ haft til hliðsjónar grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um alþjóðlega vernd og alþjóðlegum fólksflutningum. Ábendingar og athugasemdir félagsins miða að úrbótum, þar sem hagsmunir stjórnvalda og þeirra einstaklinga sem í hlut eiga fara að öllu jöfnu saman.

Almennar athugasemdir

RKÍ lítur svo á að greiðari og skilvirkari málsmeðferð umsókna um alþjóðlega vernd þjóni hagsmunum allra sem að málaflokki umsækjenda um alþjóðlega vernd koma, þ.m.t. umsækjenda sjálfra. Í umsögn þessari gerir RKÍ þó athugasemdir við þau ákvæði sem að mati félagsins fela í sér íþyngjandi breytingar fyrir umsækjendur.

Með þessari umsögn eru ítrekaðar athugasemdir sem RKÍ gerði með umsögn um frumvarp sama efnis sem lagt var fram sl. vor á 149. löggjafarþingi 2017-2019, þingskjal nr. 898 - 564. mál. Því til viðbótar er í umsögn þessari brugðist við athugasemdum í frumvarpinu við fyrri umsögn RKÍ.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

1. gr.

RKÍ leggst gegn þeirri breytingu sem lögð er til með 1. gr. frumvarpsins. RKÍ telur að breytingin kunní að leiða til óvandaðri málsmeðferðar í málum umsækjenda um alþjóðlega vernd en samkvæmt núgildandi ákvæðum. Ljóst er að umsækjendur um alþjóðlega vernd hafa verulega hagsmuni af niðurstöðu mála sinna og tryggir fjölskipuð kæruneftnd vandaðri málsmeðferð. RKÍ bendir á að með tillögu frumvarpsins yrði formanni og varaformanni kæruneftndar gert kleift að úrskurða einir um matskennd og veigamikil atriði í málum umsækjenda. Þannig myndu þeir geta úrskurðað einir um veitingu eða synjun á dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 1. mgr. 74. gr., sem og varðandi dvalarleyfi á grundvelli sérstakra tengsla skv. 78. gr. laganna. Einnig myndu formaður og varaformaður geta úrskurðað einir í málum þrátt fyrir að vafi sé á að málsatvik hafi verið rannsökuð á fullnægjandi hátt. Um öll framanneftnd dæmi hefur kæruneftndin úrskurðað í málum þar sem umsækjendur hafa fengið kröfur sínar samþykktar að undangenginni umfangsmikilli málsmeðferð og yfirgripsmiklu mati nefndarinnar, m.a. vegna skorts á rannsökn. RKÍ leggur því til að 1. gr. frumvarpsins verði ekki að lögum.

Í athugasemdum frumvarpsins segir um framangreindar athugasemdir RKÍ:

„[...] það er kærunefnd útlendingamála sem stofnun sem annast rannsókn og eiginlega málavinnslu þó endanlegt ákvörðunarvald liggi hjá nefndarmönnum. Þó nefndarmenn muni úrskurða einir í meira mæli ef frumvarpið nær fram að ganga mun það ekki hafa í för með sér að rannsókn mála verði með öðrum hætti.“

RKÍ telur auðsýnt að í fjölskipaðri kærunefnd felist að fleiri en einn nefndarmaður koma sameiginlega að mati umsókna og þeirri rannsókn sem framkvæmd hefur verið hverju sinni og að með því sé tryggð vandaðri málsmeðferð.

2. gr.

RKÍ fagnar því að með ákvæðinu séu teknar til greina fyrri athugasemdir RKÍ varðandi veitingu heimildar til handa barnaverndaryfirvöldum að miðla upplýsingum í því skyni að tryggja hagsmuni barna.

3. gr.

RKÍ telur að sú breyting sem lögð er til með 3. gr. frumvarpsins hvað varðar auknar kröfur um skýrleika boðunar til viðtals í fyrsta skipti kunni að vera til bóta. Hins vegar telur RKÍ ljóst að brottfall ákvæða úr lögnum um boðun í annað sinn feli í sér breytingu sem sé íþyngjandi fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. RKÍ leggst gegn því að boðun í annað sinn verði felld brott úr lögnum. RKÍ bendir á að viðtal við umsækjanda um alþjóðlega vernd er grundvallargagn umsóknar hans, og ljóst að umsækjendur hafa mikla hagsmuni af niðurstöðu stjórnvalda í málum sínum. Þá er bæði í 1. mgr. 28. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 (útl.) og í 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2013/32/ESB um málsmeðferð skýrt kveðið á um þá meginreglu að taka skuli viðtal við umsækjanda um alþjóðlega vernd. Komi til þess að umsækjandi missi rétt sinn til að koma í viðtal hjá Útlendingastofnun og tjá sig um ástæður flóttu, er ljóst að það gæti haft verulega neikvæð áhrif á niðurstöðu máls hans. Möguleiki umsækjenda á viðtali er því að mati RKÍ þrengdur óhóflega, verði þessi tillaga að lögum. RKÍ telur að megintilgangi breytingarinnar megi ná fram með því að gera ríkari kröfur til boðunar í fyrsta skipti. RKÍ gerir því tillögu um að 4. mgr. 28. gr. útl. verði svohljóðandi:

Sinni umsækjandi ekki boði Útlendingastofnunar í tvígang um að mæta í viðtal samkvæmt þessari grein er stofnuninni heimilt að ákvarða í máli hans án frekari aðgerða. Forsenda þess að beita megi þessu úrræði er að við boðun hafi Útlendingastofnun gert umsækjanda fullnægjandi grein fyrir afleiðingum fjarveru eigi hún sér ekki réttmætar ástæður. Boðun til viðtals skal beint að umsækjanda sjálfum með sannanlegum hætti á tungumáli sem umsækjandi skilur. Skal umsækjanda og talsmanni afhent samrit skriflegrar boðunar. Umsækjandi getur komið á framfæri skýringum á fjarveru sinni fram að því að ákvörðun í máli hans er löglega birt honum. Nú hefur umsækjandi ekki mætt til viðtals í kjölfar síðari boðunar og fjarvera hans á sér réttmætar ástæður og skal hann þá boðaður aftur með sama hætti.

Í athugasemdum frumvarpsins segir um framangreindar athugasemdir RKÍ:

„Með brottfalli ákvæða um tvíteknar viðtalsboðanir umsækjenda um alþjóðlega vernd er stuðlað að styttra og skilvirkara boðunarferli, umsækjendum um vernd í hag, enda er breytingin til þess fallin að koma í veg fyrir að málsmeðferð hjá stjórnvöldum dragist úr hófi. Einnig er vert að benda á að bæði ákvæði laga um útlendinga og tilskipun 2013/32/EB, sem Ísland er þó ekki bundið af, gera ráð fyrir því að umsækjendum eigi að standa til boða viðtal hjá stjórnvöldum. Nýti umsækjandi ekki það boð leiðir það ekki til þess að ákvörðun verði ekki tekin.“

Í tilefni af framangreindri athugasemd frumvarpshöfunda vill RKÍ ítreka framangreindar athugasemdir við 3. gr. Verði breytingatillaga um fækkun viðtalsboðana að lögum, gerir RKÍ enn fremur tillögu um að kröfur um skýrleika og sannanleika boðunar verði auknar með þeim hætti sem framangreind tillaga RKÍ að orðalagi ákvæðisins felur í sér, n.t.t. að boðun viðtals skuli beint að umsækjanda sjálfum á tungumáli sem hann skilur og umsækjanda og talsmanni skuli afhent samrit skriflegrar boðunar.

4. gr.

Hvað varðar b-lið 4. gr. frumvarpsins telur RKÍ rétt að löggjafinn skýri með nánari hætti í hvaða tilvikum og með hvaða hætti fyrri stjórnvaldsákvæðanir kunna að hafa áhrif á beitingu undanþága frá skyldu til að sækja um dvalarleyfi áður en komið er til landsins. Eins og fram kemur í frumvarpinu getur hér m.a. verið um að ræða ákvæðanir um synjun á umsókn um alþjóðlega vernd. Í öllu falli telur RKÍ rétt að verði ráðherra veitt heimild til að taka afstöðu til þess hvaða áhrif slíkar fyrri ákvæðanir skulu hafa á undanþágur, verði sú heimild háð fyrirvörum m.a. um samskonar sjónarmið og rakin eru í athugasemdum við a-lið 6. gr. frumvarpsins hér að neðan.

Í athugasemdum frumvarpsins segir um framangreindar athugasemdir:

„Reglugerðarheimildin sem lögð er til í 4. gr. frumvarpsins hefur ekki verið útfærð á þann hátt sem lagt var til í umsögninni enda hefur það verið metið sem svo að þau viðmið sem lögð voru til séu þegar til staðar í 3. mgr. 51. gr. laga um útlendinga.“

RKÍ tekur ekki undir framangreinda athugasemd frumvarpshöfunda er varðar 3. mgr. 51. gr. útl., enda felur ákvæðið ekki í sér skyldu til að gæta sanngirnissjónarmiða þegar teknar eru ákvæðanir um undanþágur skv. því, heldur heimild. Að óbreyttu er því stjórnvaldi sem tekur ákvörðun þannig í sjálfsveld sett hvort það líti til slíkra sjónarmiða eða ekki. Þá bendir RKÍ á að friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu eru þau réttindi sem ákvæði a- og b- liða 1. mgr. 51. gr. byggðu upprunalega á og að með breytingatillöggunni verði ráðherra veitt heimild til að skerða þau grundvallarréttindi, m.a. í þeim tilvikum sem umsækjanda hefur áður verið synjað um dvalarleyfi eða vernd. RKÍ ítrekar að þau réttindi sem hér um ræðir eru þess eðlis að nauðsynlegt er að löggjafinn ákveði með hvaða hætti heimilt yrðir að víkja frá þeim.

5. gr.

RKÍ gerir ekki athugasemd við ákvæði greinarinnar. RKÍ fagnar því að réttarstaða umsækjenda um alþjóðlega vernd sé skýrð með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu.

6. gr.

Hvað varðar a-lið 6. gr. frumvarpsins telur RKÍ óvarlegt að slá því föstu án fyrirvara að hverskonar óafgreiddum umsóknum um dvalarleyfi skuli vísað frá við endanlega ákvörðun um brottvísun. RKÍ telur víst að í einhverjum tilvikum kunni að vera rétt að veita undanþágu undir slíkum kringumstæðum, einkum að teknu tilliti til mannúðarsjónarmiða, friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. RKÍ leggur því til að a-liður 6. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi.

Óafgreiddum umsóknum um dvalarleyfi skal þá vísað frá nema mannúðarsjónarmið, friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu eða ríkar sanngirnisástæður leiði til annarrar niðurstöðu.

Hvað varðar b-lið 6. gr. frumvarpsins bendir RKÍ á að útlendingar, ekki hvað síst umsækjendur um alþjóðlega vernd sem ákvarðað hefur verið endurkomubann, geta haft mikið óhagræði af því að upphafstími endurkomubanns taki mið af för úr landi. Kemur það til af því að fjölmörg dæmi eru um að verulegur dráttur verði á því að yfirvöld framkvæmi brottflutning útlendinga úr landi eða þeim er ómögulegt að yfirgefa landið af öðrum ástæðum. Í mörgum tilvikum er um að ræða marga mánuði og jafnvel ár án þess að dráttur á flutningi verði rakinn til umsækjanda. Með hliðsjón af framangreindu leggur RKÍ til að upphaf endurkomubanns taki mið af *birtingu ákvörðunar* um brottvísun og endurkomubann. RKÍ gerir því tillögu um að 3. mgr. 101. gr. útl. verði svohljóðandi:

Upphaf endurkomubanns miðast við þann dag sem útlendingi er löglega birt ákvörðun þar um.

Í athugasemdum frumvarpsins segir um framangreindar athugasemdir:

„Að lokum er bent á að eðlilegt þykir að brottvísun hafi sambærileg áhrif á þegar útgefin dvalarleyfi og óafgreiddar umsóknir og að sá upphafstími endurkomubanns sem lagður er til í 6. gr. frumvarpsins sé í samræmi við núverandi framkvæmd og gildandi reglugerð um útlendinga, nr. 540/2017, með síðari breytingum.“

Í tilefni af framangreindri athugasemd frumvarpshöfunda ítrekar RKÍ þau sjónarmið sem fram koma í framangreindum athugasemdum sínum við 6. gr. RKÍ telur að þau sanngirniss- og réttlætissjónarmið sem miðun upphafs frestsins við birtingu ákvörðunar byggja á eigi að vega mun þyngra en sjónarmið frumvarpshöfunda um að gæta samræmis við núverandi framkvæmd, enda séu uppi sérstakar aðstæður t.a.m. þegar verulegur dráttur verður á framkvæmd brottflutnings útlendinga úr landi.

13. gr.

RKÍ telur rétt að gætt verði lagaskila varðandi ákvæði 3., 4. og a-lið 6. gr. frumvarpsins. RKÍ leggur því til að 13. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lögin taka til umsókna um dvalarleyfi, þ.m.t. á grundvelli umsókna um alþjóðlega vernd, sem lagðar eru fram fyrir gildistöku þeirra að frátöldum 3. gr., 4. gr. og a-lið 6. gr.

Lokaorð

RKÍ vill koma því á framfæri að fulltrúar félagsins eru tilbúnir til að hitta allsherjarnefnd til þess að reifa ofangreindar athugasemdir, ábendingar og tillögur félagsins enn frekar.



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 6. nóvember 2018

Efni: Frumvarp til laga um útlendinga og Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi (ýmsar breytingar), 221. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 25. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Umboðsmaður barna hefur áður sent inn umsögn um málið og vísar til fyrri umsagnar sem finna má hér að neðan en frumvarp sama efnis var áður flutt á 148. löggjafarþingi (564. mál) en náði ekki fram að ganga og er lagt fram að nýju lítillega breytt.

Virðingarfyllt,
Salvör Nordal,
umboðsmaður barna



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 6. júní 2018

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi (ýmsar breytingar), 564. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 29. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Umboðsmaður barna telur breytingartillögu 2. gr. frumvarpsins mikilvæga þar sem barnaverndaryfirvöldum hefur verið bætt við þær stofnanir sem hafa heimild til að miðla á milli sín viðkvæmum persónuupplýsingum. Umboðsmaður telur það vera í samræmi við bestu hagsmuni barnsins að heimildir stjórnvalda til vinnslu persónuupplýsinga og samkeyrslu séu útvíkkaðar þannig að unnt sé að fá raunhæfa mynd af aðstæðum viðkomandi barns. Nú er komin ákveðin reynsla á beitingu núgildandi útlendingalaga og hafa þó nokkrir aðilar vakið athygli umboðsmanns á því að heimild til að miðla persónuupplýsingum á milli barnaverndaryfirvalda og þeirra aðila sem taldir eru upp í 1. mgr. 17. gr. útlendingalaga væri til mikilla hagsbóta þar sem barnaverndarnefndir búa iðulega yfir upplýsingum um hagi barns sem geta skipt sköpum varðandi ákvörðun Útlendingastofnunar um veitingu dvalarleyfis og alþjóðlegrar verndar eða við framkvæmd flutnings úr landi.

Að lokum vill umboðsmaður taka undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Barnaverndarstofu, að um er að ræða undantekningu frá meginreglu barnaverndarlaga um trúnað og því mikilvægt að farið verði yfir með hvaða hætti beiðni um upplýsingar þurfi að vera til þess að hægt sé að bregðast við henni og hvers eðlis umræddar upplýsingar þurfi að vera.

Virðingarfyllst,
Salvör Nordal,
umboðsmaður barna

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Kópavogi, 8. nóvember 2018
Tilvísun: 2018100038

Efni: Umsögn Útlendingastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi (ýmsar breytingar).

Útlendingastofnun fagnar hjálögðum lagabreytingartillögum er varða lög um útlendinga nr. 80/2016 (hér eftir nefnd útlendingalög). Þó er það mat Útlendingastofnunar að rétt sé að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

2. gr.

Útlendingastofnun gerir ekki athugasemdir við ákvæði greinarinnar. Útlendingastofnun fagnar því að barnaverndaryfirvöldum sé veitt heimild til að miðla upplýsingum til að tryggja hagsmuni barna.

3. gr.

Útlendingastofnun telur þær breytingar sem lagðar eru til í 3. gr. frumvarpsins til þess fallnar að gera ferlið við að boða umsækjanda um vernd í viðtal skilvirkara. Langflestir umsækjendur sinna fyrsta boði og mæta í viðtöl en framlagðar breytingar myndu helst ná til þeirra einstaklinga sem af einhverjum ástæðum vilja ekki mæta í viðtal, en eins og staðan er í dag þá þarf ávallt að boða þá umsækjendur tvisvar. Útlendingastofnun telur þetta auka á fyrirsjáanleika auk þess sem þetta dregur úr kostnaði án þess þó að skerða réttindi umsækjenda.

4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 2. og 5. mgr. 51. gr. útlendingalaga. Útlendingastofnun er samþykk framlögðum breytingum en þó eru lagðar til ákveðnar orðalagsbreytingar í ljósi nýlegrar reynslu við beitingu ákvæðisins. Eftirfarandi orðalagsbreytingar eru taldar stuðla enn frekar að því að markmiði frumvarpsins verði náð, þ.e. að gera réttarstöðu umsækjenda eins skýra og mögulegt er að því er varðar heimild til dvalar á landinu við framlagningu umsóknar og á meðan umsókn er til meðferðar hjá stofnuninni.



ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Lagt er til að 2. mgr. 51. gr. orðist svo:

Heimild til dvalar þegar umsækjandi er undanþeginn áritunarskyldu gildir þar til umsækjandi hefur dvalið í 90 daga á Schengen-svæðinu. Undantekningar a-c-liðar 1. mgr. gilda meðan umsækjandi hefur heimild til dvalar á grundvelli gildrar vegabréfsáritunar eða á grundvelli dvalar án áritunar. Útlendingastofnun getur veitt umsækjendum á grundvelli a- og b-liðar 1. mgr. heimild til lengri dvalar meðan umsókn er í vinnslu.

Lagt er til að 5. mgr. 51. gr. orðist svo:

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um undanþágur skv. 1. og 3. mgr., m.a. um áhrif fyrri dvalar umsækjanda hér á landi á beitingu undanþáguheimilda.

Kópavogi, 8. nóvember 2018
F.h. Útlendingastofnunar,



Erla Friðbjörnsdóttir



Rósa Ragnarsdóttir

